

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sólvelli, dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. janúar 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sólvelli — dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka.

Samtök áhugamanna um dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka stofna hér með sjálfseignarstofnun, sem heitir Sólvellir, dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka.

Eignir stofnunarinnar eru framlög til félagsins í peningum samtals 3.000.000 kr. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkv. framangreindu. Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Stofnendur setja stofnun þessari eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita öldruðum heimilisvist og aðhlynningu á dvalarheimilinu og svo góða umönnun sem frekast er unnt.

Í þessu skyni veitir stofnunin viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi eignir stofnunarinnar fastar eða lausar, nema andvirðinu sé beinlínis varið til að halda starfsemi í þágu aldraðra áfram á Eyrarbakka sbr. 7. grein. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa þrjú menn og þrjú til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Á stjórnarfundum hafa varamenn málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára. Stjórnarmenn skulu skipaðir af Samtökum áhugamanna um dvalarheimili á Eyrarbakka.

Verði starfsemi Samtaka áhugamanna um dvalarheimili á Eyrarbakka hætt skal stjórnin skipuð af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps.

4. gr.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum og segir því upp. Hún fer með öll fjármál og annast allar framkvæmdir. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum, og auka hana og stækka, ef þörf krefur og kringumstæður leyfa. Stjórnin skal árlega láta gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Skal reikningurinn endurskoðaður af tveimur mönnum tilnefndum af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps og skal annar vera löggiltur endurskoðandi. Úrdráttur úr reikningunum skal birtur opinberlega, eftir að hann hefur verið samþykktur á aðalfundi.

5. gr.

Peningar þeir sem dvalarheimilið kann að eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

6. gr.

Stjórn dvalarheimilisins setur reglur fyrir dvalarheimilið.

7. gr.

Komi að því að stjórnin sjái sér ekki fært að reka heimilið áfram, gefi hún hreppsnefnd Eyrarbakkahepps kost á því að taka það að sér og allan rekstur þess. Sjái hreppsnefndin sér það ekki fært skal stjórnin ráðstafa eignum stofnunarinnar til opinbers aðila eða stofnunar sem að hennar dómi er til þess fallin á þeim tíma að sinna þörfum aldraðra á Eyrarbakka.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt né stofnunin lögð niður nema a.m.k. 2 stjórnarmenn samþykki.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og öðrum breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum sbr. 6. gr. 5. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld svo sem hér greinir:

1. flokkur	6 000,00
2. flokkur	12 500,00
3. flokkur	25 000,00
4. flokkur	37 500,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.